

M-57/2009 Álit 28. september 2009

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 28. september 2009 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-57/2009:

I

Hinn 25. mars sl. bað lögmaður húsfélagsins X, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna viðskipta félagsins við fyrirtækið Y. Lögmaður þess fyrirtækis sagði það ætla að höfða dómssmál gegn húsfélaginu vegna þess ágreinings sem lögmaður húsfélagsins hafði beðið kæruneftndina um álit á og yrði það þingfest 23. júní sl. Kæruneftndin vísaði málinu frá samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa með áliti 15. júní sl.

Hinn 29. júlí sl. bað lögmaður húsfélagsins aftur um álit kæruneftndarinnar á sama ágreiningsefni og kemur fram í beiðninni að ekki hafi verið þingfest mál á hendur húsfélaginu 23. júní sl. eins og tilkynnt hefði verið. Hinn 19. ágúst sl. ritaði kæruneftndin lögmanni Y bréf og kynnti honum að ný álitsbeiðni hefði borist frá lögmanni húsfélagsins og gaf honum kost á að taka afstöðu til málatilbúnaðar og krafna sem þar koma fram. Lögmaður Y hafði samband við formann kæruneftndarinnar og tjáði honum að fyrirtækið myndi þingfesta mál á hendur húsfélaginu 15. september. Samkvæmt upplýsingum frá Héraðsdómi Reykjavíkur var mál þetta þingfest 17. september sl.

Í 3. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 segir eftirfarandi: „Nefndin vísar máli frá hafi dómur þegar fallið í því eða það er til meðferðar dómstóla eða gerðardóms.“ Þetta reglugerðarákvæði verður að skilja svo að kæruneftndinni beri að vísa álitsbeiðni frá enda þótt mál sé höfðað eftir að álitsbeiðni berst nefndinni sé dómssmálið um sama ágreiningsefni og álitsbeiðnin nær til eins og er í því tilviki sem hér um ræðir. Verður af þessum sökum að vísa frá kæruneftndinni álitsbeiðni Húsfélagsins X sem henni barst 29. júlí sl.

II

Álitsorð

Álitsbeiðni Húsfélagsins X er vísað frá kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir